

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 487/1991. **Svanfríður Sigurlaug Kjartansdóttir**

gegn

**Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Brunabótafélagi Íslands,
Gjaldheimtunni í Garðabæ og
Íslandsbanka hf.**

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 20. nóvember 1991 á fasteigninni Hegranesi 34 í Garðabæ. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði ómerkt og vísað heim til löglegrar meðferðar með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna, sbr. 45. gr. laga nr. 75 frá 1973“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Hafnarfirði 31. ágúst sl. Í bréfi sýslumannsins kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins, að skjölin hafi verið send Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 9. október sl. var þess óskað, að mál þetta yrði ekki tekið fyrir í Hæstarétti sem kærumál.

Varnaraðilar aðrir en Íslandsbanki hf. hafa sent Hæstarétti

athugasemdir sínar. Varnaraðili Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þar sem sóknaraðili óskar ekki eftir því, að mál þetta verði tekið fyrir sem kærumál, ber að fella meðferð þess fyrir Hæstarétti niður, en dæma sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Svanfríður Sigurlaug Kjartansdóttir, greiði varnaraðila Lífeyrissjóði verslunarmanna 20.000 krónur í kærumálskostnað.
